

7. Þær upplýsingar sem Síminn óskar eftir að meðhöndlaðar verði sem trúnaðarupplýsingar, sbr. 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 16. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 880/2005, eru merktar með hornklofa [] og skáletraðar. Óskað er eftir því að með þessur upplýsingar verði farið sem trúnaðarmál enda er um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar að ræða sem mikilvægt er að leynt fari.

2 Umsögn Tengis hf.

8. Í umsögn Tengis hf. er að mestu tekið jákvætt í framkomnar tillögur Ardian að skilyrðum þó þær séu ekki taldar nægjanlegar að mati félagsins. Bendir Síminn sérstaklega á að fram kemur í málalíbúnaði félagsins að aðgangur að kerfum Mílu hafi ekki verið samkeppnislegum vandkvæðum bundinn. Eru því engin efni til annars en að leggja til grundvallar að svo verði áfram í kjölfar samrunans. Þannig festir tillaga Ardian að skilyrði um opinn aðgang að kerfum Mílu það í sessi, sbr. tillögu félagsins að fyrsta skilyrði.
9. Þrátt fyrir að mestu sé tekið jákvætt í framkomnar tillögur að skilyrðum virðist afstaða Tengis til samrunans nokkuð neikvæð, en örðugt er að greina á skýran hátt í hverju áhyggjur félagsins nákvæmlega felast. Einkum virðist félagið hafa áhyggjur af samhliða lagningu Mílu á ljósleiðara á svæðum þar sem minni aðilar, s.s. Tengir, séu fyrir.
10. Síminn bendir á að samhliða lagning ljósleiðara er til marks um samkeppni í innviðarekstri. Eðlilegt er að fyrirtæki sem starfar á þeim markaði fyrir hafi áhyggjur af samkeppni, enda getur aukin samkeppni ávallt dregið úr arðsemi þeirra fyrirtækja sem þar starfa fyrir. Slík áhrif geta hins vegar ekki talist skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga heldur þvert á móti.
11. Þessu til samræmis má benda á að Tengir er í mjög sterkri stöðu á starfssvæði sínu. Nægir þar að nefna að samkvæmt ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 5/2021 var félagið með alls 9.600 tengingar tengdar við kerfi sitt, þar af 8.000 virkar tengingar. Er því félagið með um 83% markaðshlutdeild hjá þeim heimilum sem félagið hefur tengt. Á meðan eru aðrir, þar með talið Míla, með um 17%.
12. Af þessu leiðir að umfjöllun í umsögn Tengis um ætlaða yfirburði Mílu er ekki í samræmi við staðreyndir málsins. Þá leiðir af þessu að jafnvel þó markaðshlutdeild Mílu myndi aukast lítið eitt á svæðinu, sem engar vísbendingar eru um að samruninn leiði til, væri það hagfellt fyrir samkeppni en ekki skaðlegt.
13. Tengir nefnir í umsögn sinni tvenns konar dæmi í þessa veru. Annars vegar ætlað raunverulegt dæmi um aðstæður á Húsavík. Hins vegar tilbúið dæmi um aðstæður þar sem fyrir er ljósleiðari í eigu og rekstri minni aðila. Míla geti við þær aðstæður keypt viðkomandi fyrirtæki undir „hótun“ um að leggja ella samhliða ljósleiðara og verðleggja sig undir kostnaði.
14. Hvað fyrrnefnda dæmið varðar þekkir Síminn ekki til ætlaðra athafna Mílu í því tilviki eða forsendum þeirra. Getur Síminn því ekki svarað fyrir það. Þó bendir félagið á að miðað við fjölda virkra tenginga er Tengir með um 50-60% markaðshlutdeild á starfssvæði sínu svo ætluð háttsemi Mílu hefur í öllu falli ekki verið til þess fallin að raska samkeppni.

15. Hvað hið síðarnefnda tilbúna dæmi varðar eru áhyggjur Tengis ekki á rökum reistar. Þannig er þar lýst dæmi um misnotkun á markaðsráðandi stöðu, mjög í ætt við þau atvik sem lágu til grundvallar ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 4/2010 sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 355/2012, *Lyf og heilsa hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
16. Mat á efnislegum áhrifum samruna verður ekki byggt á þeirri forsendu að gripið verði í framhaldinu til aðgerða sem eru í andstöðu við samkeppnislög. Til þess eru bannákvæði samkeppnislaga, s.s. 11. gr. laganna. Geta því þessar áhyggjur Tengis, óháð því hvort réttlætanlegar séu sem Síminn telur ekki vera, allt að einu ekki komið til skoðunar við mat á áhrifum fyrirbyggjandi samruna.
17. Þess utan eru engin orsakatengsl milli þeirra dæma sem nefnd eru og samruna fyrirbyggjandi máls. Í því dæmi sem reifað er frá Húsvík áttu ætluð atvik sér stað fyrir samrunann. Í hinu tilbúna dæmi er ekkert tengt samrunanum sem eykur getu eða hvata Mílu til þeirra aðgerða sem þar er lýst. Geta þau því ekki komið til skoðunar við mat á efnislegum áhrifum samrunans.
18. Gagnvart Tengi er aðalatriði málsins að félagið hefur byggt upp ljósleiðara á starfssvæði sínu samhliða ljósheimtaugum Mílu. Er um []¹ viðskiptavina Símans á starfssvæðinu á ljósleiðara Tengis, enda kjósa viðskiptavinir það mun fremur en ljósheimtaugar Mílu. Ekkert í þjónustusamningnum leiðir til þess að þessir viðskiptavinir færast frá Tengi til Mílu. Þvert á móti er skýrt að þeir geri það ekki ef þeir kjósa fremur Tengi. Þá hverfur sá fjárhagslegi hvati sem fyrir hendi er í dag fyrir Símann að reyna að færa þessa viðskiptavini á kerfi Mílu.
19. Þvert á móti, komi til þess að Míla leggi ljósleiðara samhliða á starfssvæði Tengis, verður það ólíklegra eftir samrunann en fyrir hann að Síminn reyni að færa viðskiptavini sína af kerfi Tengis á kerfi Mílu. Verði af samrunanum er þannig fjárhagslegur hvati til þess ekki lengur fyrir hendi og skýrar undantekningar í þjónustusamningnum sem virða vilja neytenda um val á innviðum.
20. Af framangreindu leiðir að kjarninn í áhyggjum Tengis af áhrifum samrunans lýtur að aðstæðum í dag, en ekki áhrifum samrunans, sem þvert á móti dregur úr þeim hvötum sem liggja að baki þeim aðstæðum. Er enda samruninn hagfelldur samkeppni.

3 Umsögn Hringiðunnar ehf.

21. Ekki er ástæða til að fara mörgum orðum um umsögn Hringiðunnar ehf. Umsögnin virðist litast af nokkurri andúð á erlendri fjárfestingu, þar sem m.a. virðist gengið út frá þeirri langsóttu hugmynd að erlent eignarhald leiði til þess að íslensk lög gildi ekki um starfsemi fyrirtækja.
22. Að öðru leyti er umsögnin nær eingöngu samansafn staðhæfinga, upphrópana og ásakana sem engum rökum eða gögnum eru studdar. Er því ekki talin sérstök ástæða til þess hér að fara um umsögnina sérstökum orðum, að öðru leyti en gert er í athugasemdum við umsögn Snerpu ehf. hér á eftir, en þar er að hluta um afritun að ræða frá umsögn Hringiðunnar ehf. (eða öfugt).

¹ Trúnaðarmál.

4 Umsögn Snerpu ehf.

23. Í umsögn Snerpu ehf. er vikið að samskiptum félagsins við Mílu í tengslum við beiðni félagsins um stækkun á sambandi milli Múlastöðvar og Ísafjarðar. Getur Síminn ekki tjáð sig um athafnir Mílu eða forsendur að baki þeim.
24. Í umsögn Snerpu, Hringiðunnar og Ljósleiðarans er staðhæft að vegna sölu tiltekinna kerfa verði Síminn ekki í aðstöðu til að kaupa þjónustu af neinum öðrum en Mílu í kjölfar samrunans. Er þannig lagt til grundvallar að Síminn geti eingöngu keypt svonefnda aðgangsléið 4.
25. Þessu er alfarið mótmælt sem röngu. Nægir þar að benda á Síminn kaupir í dag, löngu eftir sölu kerfanna, aðgangsléið 3 af Ljósleiðaranum. Þá kaupir Síminn mikla þjónustu af Tengi. Er því félagið augljóslega í þeirri stöðu að geta bæði keypt þjónustu af öðrum aðilum en Mílu og fært viðskipti sín eftir föngum.
26. Að öðru leyti einkennist umsögnin nokkuð af afrituðum órökstuddum staðhæfingum og upphrópunum úr umsögn Hringiðunnar sem ekki er ástæða til að fara mörgum orðum um, sbr. hér að framan. Þó bendir Síminn sérstaklega á tvennt.
27. Annars vegar telja bæði Snerpa og Hringiðan rétt að leggja til grundvallar að matið á því hvort skilyrði ákvörðunar nr. 6/2015 falli úr gildi fari fram í sérstöku stjórnarsýslumáli, óski aðilar eftir því. Því er Síminn sammála, sbr. athugasemdir við andmælaskjal, nema tillögur Ardian að skilyrðum leiði til annars. Af því leiðir að við staðleysumat samrunans (e. *counterfactual*) ber að leggja til grundvallar að skilyrðin haldist, sbr. það sem rakið var í athugasemdum Símans við andmælaskjal.
28. Hins vegar lýsa bæði félög áhyggjum af því að Míla hefji smásölu á grundvelli færslu IP/MPLS kerfanna, „í samkeppni við viðskiptavinum sína“, eins og það er orðað. Af því tilefni er rétt að benda á að þjónustusamningurinn leggur bann við því. Af þessum áhyggjum félaganna má einmitt ráða að það ákvæði er til þess fallið að hafa jákvæð samkeppnisleg áhrif, þ.e., koma í veg fyrir að Míla verði í samkeppni við viðskiptavinum sína, með þeim tilheyrandi neikvæðu samkeppnislegu áhrifum sem ákvörðun nr. 6/2013 var ætlað að leysa.

5 Umsögn Ljósleiðarans ehf.

29. Umsögn Ljósleiðarans ber þess skýr merki að félagið hafi áhyggjur af aukinni samkeppni á heildsölumörkuðum í kjölfar samrunans. Er það eðlilegt í fyrirtækjarekstri að hafa áhyggjur af aukinni samkeppni, en það telst hins vegar ekki til skaðlegra áhrifa á samkeppni heldur þvert á móti, sbr. hér að framan.
30. Síminn bendir sérstaklega á að hið svonefnda Backbone Alliance, sem Samkeppniseftirlitið taldi að frummati sínu fela í sér „verulega auknar líkur“ á því að keppinautar samhæfi aðgerðir er varða rekstur gagnaflutningskerfa – er efnislega ekkert annað en að Ljósleiðarinn fær nýtilkomna samkeppni um viðskipti sem félagið hefur hingað til getað setið eitt að, þar sem aðrir aðilar á smásölumarkaði hafa ekki viljað stunda viðskipti við dótturfélag samkeppnisaðila síns.
31. Verður samruni þessa máls sýnilega ekki ógiltur á grundvelli áhyggja af því að hartnær markaðsráðandi fyrirtæki á þeim mörkuðum sem félagið hefur stundað

uppbyggingu á í krafti opinberra niðurgreiðslna, fái samkeppni um viðskipti sem félagið hefur hingað til setið eitt að, enda það ljóslega mjög hagfelld samkeppni en ekki skaðlegt.

32. Þá er það svo, líkt og rakið var í athugasemdum Símans við andmælaskjal, að þessir möguleikar Mílu til aukinna viðskipta undir eignarhaldi þriðja aðila, eiga með sama hætti við um eignarhald sérhvers annars þriðja aðila á Mílu. Röksemdafærsla í andmælaskjali um þessar áhyggjur, sem teknar eru upp í umsögn Ljósleiðarans, felur því efnislega ekki annað í sér en að eignarhald annara en Símans á Mílu sé skaðlegt samkeppni. Slík röksemdafærsla gengur ljóslega ekki upp enda í andstöðu við áratuga umfjöllun Samkeppniseftirlitsins um skaðsemi sameiginlegs eignarhalds félaganna tveggja.
33. Skoða verður umsögn Ljósleiðarans í þessu ljósi.
34. Þá gerir Síminn athugasemdir við að í bréfi Samkeppniseftirlitsins til markaðsaðila hafi verið staðhæft að Ljósleiðarinn sé, þrátt fyrir nýleg yferráð tveggja NATO þráða, „háður samstarfi við önnur innviðafyrirtæki, þ.m.t. Mílu, sem býr yfir viðtækum tengingum frá hringþræðinum að hinum dreifðu byggðum, bæjum og þorpum sem Ljósleiðarinn gerir ekki.“
35. Fyrir það fyrsta bendir Síminn á að Ljósleiðarinn hóf uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu og öðrum starfssvæðum félagsins með engan aðgang að kerfum annarra innviðafyrirtækja. Það hefur ekki aftrað félaginu frá að byggja upp starfsemi með um 50-60% markaðshlutdeild á starfssvæðum sínum, enda með aðgang að opinberum fjármunum. Eru engin efni til að ætla annað en að hið sama muni eiga við á öðrum starfssvæðum.
36. Í annan stað bendir Síminn á að Míla er háð lögbundnu regluverki og ströngum kvöðum, m.a. um aðgang að kerfum félagsins. Verður því ekki séð hvernig þessi staðhæfing í bréfi Samkeppniseftirlitsins á við rök að styðjast. Þvert á móti er skýrt að við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans ber að taka mið af því að hvaða marki þessar ströngu kvaðir eyða getu og hvata til útilokaráhrif, sbr. m.a.:

Ákvörðun Framkvæmdastjórnar EB í máli M.10087 Proximus/Nexus, mgr. 139:

„Second, the Commission notes that the JV’s activities are subject to sector-specific regulation, which prevents the JV from refusing access to their network and from charging excessive fees. In its decision of 29 June 2018, the BIPT has designated Proximus as an SMP operator (i.e. operators with significant market power in the relevant markets) with regard to its wholesale local broadband access activities.155 The designation of Proximus as an SMP operator also includes the JV (as an affiliated company, which is jointly controlled by the Notifying Parties). This has also been acknowledged and confirmed by the Notifying Parties. Under the BIPT’s decision, the JV (and Proximus) (i) must meet all requests for physical (and virtual) access to their (copper and) fibre networks, and (ii) are bound by nondiscrimination obligations which state that access to the wholesale inputs must be similar in terms of functionalities and price. Other key obligations include transparency obligations by which SMP operators must make public specific information such as reference offer specifying the technical and tariff

conditions of the access to their networks and price control obligations which includes an obligation to apply fair tariffs (as defined in the BIPT's decision). As a result of this sector-specific regulation, the JV would not have the ability to foreclose wholesale network access." (leturbr. hér)

Ákvörðun Framkvæmdastjórnar EB í máli nr. M.6584 3 júlí 2012 Vodafone/Cable & Wireless, mgr. 69:

„The Commission considers that the transaction will not give rise to input foreclosure, because regulatory remedies are already in place in the fixed and mobile termination markets (price caps and non-discrimination obligations).“

Ákvörðun Framkvæmdastjórnar EB í máli nr. M.7109 Deutsche Telecom/GTS, mgr. 254, 257 og 283:

„As regards input foreclosure, post-transaction the merged entity would not have the ability nor the incentive to foreclose competing retailers of fixed voice downstream. With respect to ability, first, the Commission considers that there are alternative providers of such services, most notably UPC. Second, customers of end-to-end calls services will be able to procure call origination, call termination and transit services separately at wholesale level, where a number of competing providers are active in Hungary. Third, call origination and call termination services are regulated, so that these services will be available at a capped price.

[...]

The market for wholesale broadband Internet access may be further divided into the following markets: wholesale unbundled access to the local loop ("ULL"); wholesale bitstream access and resale of broadband offering. The competitive assessment will focus only on the possible sub-market for resale of broadband offering and its vertical relationships with the markets for retail business connectivity and retail fixed voice services, as both the market for wholesale access to the ULL and the market for wholesale bitstream access (where only DT is active) are regulated. These sub-markets are subject to transparency, nondiscrimination, access and interconnections obligations and price caps obligations.

[...]

The aforementioned upstream markets are regulated, which means that DT (and subsequently the merged entity) is subject to obligations with regard to transparency, equal treatment, accounting separation, access and interconnection related obligations as well as cost-based and controllable prices." (leturbr. hér).

Ákvörðun Framkvæmdastjórnar EB í máli M.8131 Tele 2 Sverige/TDC Sverige, mgr. 151-152:

„However, the provision of wholesale mobile call termination services on mobile and fixed networks in Sweden is subject to ex-ante regulation by the

Swedish telecommunications regulator ("PTS"). The key obligations according to PTS' regulation concern access and interconnection obligations, non-discrimination as to quality, transparency including the publication of a reference offer, and price control and cost accounting. Following the Transaction, call termination on the combined entity's networks will continue to be subject to the ex - ante regulation by the PTS. Therefore, the merged entity would not have any ability to restrict or limit access to call termination on its fixed and mobile network.

Based on the above, the Commission concludes that the Transaction would not raise serious doubts as to its compatibility with the internal market in relation to the vertical links in the retail and wholesale markets mentioned in paragraph (148) above."

37. Hefur því regluverk fjarskiptalaga og kvaðir á grundvelli þess lykilþýðingu við mat á áhrifum samrunans, en framhjá því er alfarið litið í umsögn Ljósleiðarans.
38. Í umsögn Ljósleiðarans er það meginsteff að þjónustusamningur Símans og Mílu hafi skaðleg áhrif á samkeppni, einkum þar sem hann takmarki möguleika annarra heildsöluþyrirtækja til viðskipta við Símann. Þetta felur ekki í sér skaðleg áhrif á samkeppni enda í þeirri umfjöllun alfarið litið framhjá þeim ríku fjárhagslegu hvötum sem Síminn hefur til að eiga þau viðskipti í dag við dótturfélag sitt, Mílu. Vísast hér til umfjöllunar í athugasemdum Símans við andmælaskjal.
39. Á bls. 3 í umsögninni er þannig staðhæft að samningurinn hafi „í raun lamandi áhrif á samkeppni vegna nýrrar vörubróunar í fjarskiptum til næstu 20 ára.“ Fyrir það fyrsta kemur það Símanum spánskt fyrir sjónir að félag sem hafði engan áhuga á viðskiptum við Símann fyrr en félagið hafði byggt upp 50-60% markaðshlutdeild og Síminn stóð svo til einn eftir utan viðskipta við félagið, skuli lýsa áhyggjum af því að félagið sé útilokað frá viðskiptum við Símann. Í annan stað bæði fjarlægir samruninn fjárhagslegan hvata Símans af viðskiptum við eigið dótturfélag og skapar fjárhagslega hvata til að eiga viðskipti við aðra aðila, t.a.m. í formi undantekninga frá kaupskyldu þjónustusamningsins.
40. Loks í þriðja lagi setur samningurinn í versta falli endapunkt í tíma á núverandi ástand. Kemur það raunar víða fram í umsögn Ljósleiðarans. Þannig er t.a.m. staðhæft á bls. 5 að „þetta þýðir í raun óbreytt fyrirkomulag“ og á bls. 11 að „Afleiðing þess ef einkakaupasamningurinn kemst á er að tryggt er að markaðsstyrkur og markaðshlutdeild Mílu helst...“ (leturbr. hér).
41. Af þessu tilefni bendir Síminn á að ekki er heimilt að grípa til íhlutunar í samruna ef hann felur í sér óbreytt ástand, eingöngu skaðleg áhrif. Ef hin ætluðu skaðlegu áhrif eru þegar fyrir hendi fyrir samrunann er þannig ekki heimild til íhlutunar, sbr. til hliðsjónar ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í máli nr. M.7637 – Liberty Global/BASE Belgium, hvar greindi m.a.:²

„With respect to stand-alone internet services, Telenet does have the ability and the incentive to foreclose access to its cable network. However, that situation already exists pre-transaction and would not be affected by the proposed

² Mgr. 334.

transaction. As such, the Commission concludes that the proposed transaction would not lead to a significant impediment of effective competition as a result of input foreclosure of wholesale access to Telenet's cable network." (leturbr. hér).

42. Getur hvorki „óbreytt fyrirkomulag“ né að markaðsstaða haldist talist skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga, og þaðan af síður lamandi áhrif.
43. Á bls. 5-6 í umsögn Ljósleiðarans er á því byggt að viðskiptin feli efnislega í sér svokallað „sale-leaseback“ fyrirkomulag þar sem öll fjárhagsleg áhætta liggja hjá Símanum í kjölfar viðskiptanna og Ardian tryggir sér öruggt sjóðsstreymi. Þessu er alfarið mótmælt.
44. Fyrir það fyrsta getur Síminn fært viðskipti sín berist betra tilboð, sbr. hið ætlaða „enska ákvæði“ samningsins.
45. Í annan stað [*er verðtryggingarákvæði samningsins með þaki, auk þess að taka ekki til nýrra þjónustubátta, sem vegna örrar þróunar fjarskiptamarkaða má ætla að verði meginuppistaða viðskipta eftir ekki mjög langan tíma.*]³
46. Hvoru tveggja þessara atriða ein og sér, og sér í lagi samanlagt, leiða skýrt til þess að fjárhagsleg áhætta er hjá Ardian í kjölfar viðskiptanna, enda veit félagið ekki hvort og hvenær Símanum berst betra boð. Eina félagið á markaðnum sem starfar án fjárhagslegrar áhættu er Ljósleiðarinn, með að því er virðist ótakmarkaðan aðgang að opinberum fjármunum í krafti eignarhalds Orkuveitu Reykjavíkur á félaginu.
47. Á bls. 11 umsagnar Ljósleiðarans og víðar er ítrekað gert mikið úr ætlum yfirburðum og markaðsráðandi stöðu Mílu. Þeirri umfjöllun er mótmælt með vísan til þess sem rakið er í samrunatilkynningu og athugasemdum aðila við andmælskjal. Gefur það enda auga leið að fyrirtæki gæti ekki byggt upp 50-60% markaðshlutdeild á starfssvæðum sínum líkt og Ljósleiðarinn hefur gert, væri markaðsstyrkur Mílu í líkingu við það sem Ljósleiðarinn vill vera láta.
48. Á bls. 11-12 umsagnarinnar er lagt til grundvallar að vísitölutenging verðs í þjónustusamningnum leiði til þess að kostnaði verði velt yfir á neytendur sem verði þess utan af ábata af tækniþróun og hagræðingu. Þetta er rangt með vísan til þess sem rakið var í athugasemdum við andmælskjal. Þá er því alfarið mótmælt sem röngu að slík ákvæði tíðkist almennt ekki í langtímasamningum öðrum en leigu fasteigna. Þvert á móti innifela svo til allir langtímasamningar á fjarskiptamarkaði slík ákvæði, líkt og Ljósleiðaranum er fullkunnugt enda félagið sjálft með slík ákvæði í sínum samningum. Dregur þessi bersýnilega ranga staðhæfing mjög úr trúverðugleika málatilbúnaðar félagsins.
49. Þá bendir Síminn á að Ljósleiðarinn hefur hækkað verð á eigin tengingum umfram hækkun vísitölu neysliverðs undanfarinn áratug. Sýnir það einmitt hversu mikilvægt ákvæði þjónustusamningsins er Símanum, en með ákvæðinu er Síminn verndaður fyrir sams konar hækkunum og Ljósleiðarinn hefur viðhaft.
50. Þess utan er þessi málatilbúnaður Ljósleiðarans all þversagnakenndur. Þannig byggir félagið í einu orðinu á því að verðákvæði þjónustusamningsins leiði til

³ Trúnaðarmál.

ósjálfbærra verðhækkana á gjöldum Símans til Mílu, á meðan lagt er til grundvallar í hinu orðinu að engin keppinauta Mílu muni nokkru sinni geta boðið betur í viðskipti félagsins. Stenst þessi málatilbúnaður ekki. Virðist sá málatilbúnaður að enginn geti keppt við Mílu um viðskipti Símans enda einkum byggður á því að keppinautar hafi ekki sömu getu og Míla til að vöndla saman ólíkum þjónustubáttum, en Ardian hefur þegar boðið skilyrði sem leggur bann við slíkri verðlagningu.

51. Í þessa veru segir á bls. 11-12 umsagnarinnar:

„Ef samruninn er hins vegar ekki samþykktur eða samþykktur með skilyrðum sem eyða skaðlegum áhrifum hans horfir öðruvísi við. Undir þeim kringumstæðum væri verðtrygging samnings væntanlega óþörf þar sem samkeppni myndi leiða til þess að ef um óeðlilegar verðhækkunarir væri að ræða tengt vísitölubindingu hjá Mílu myndi annaðhvort Síminn þurfa að taka á sig kostnaðarhækkunina til að vera samkeppnishæfur eða tapa viðskiptum til samkeppnisaðila sem gætu átt viðskipti sín við heildsala sem gæti boðið lægri verð en Míla og Síminn.“ (leturbr. hér).

52. Ördugt er að henda reiður á þessum málatilbúnaði. Kjarni málsins er sá að Síminn getur ekki velt verðhækkunum úti verðlagið óhindrað vegna hins öfluga samkeppnislega aðhalds sem félagið býr við á öllum smásölumörkuðum. Af því leiðir að Míla getur ekki velt verðhækkunum óhindrað á Símann, enda myndi það að endingu leiða til tapaðrar markaðshlutdeildar Símans og þar með tapaðra tekna Mílu. eru þetta aðstæðurnar jafnt fyrir sem eftir samrunann. Sá munur er hins vegar á að fyrir samrunann væru tekjur Mílu af verðhækkunum til Símans jafnframt tekjur Símasamstæðunnar, en svo er ekki eftir hann. Þannig leiðir samruninn einmitt til minni hvata og getu til verðhækkana og er því hagfelldur samkeppni.

53. Á bls. 12 í umsögn Ljósleiðarans er lagt til grundvallar að samkeppnisbann þjónustusamningsins sé skaðlegt samkeppni. Bera verður hins vegar saman staðleysumat áhrifa samrunans við aðstæður í dag, en ljóst er að Símasamstæðan er ekki líkleg til að fara í samkeppni við sjálfa sig með innbyrðis samkeppni Símans og Mílu. Þess utan hafa aðrir markaðsaðilar bent á skaðleg áhrif þess á samkeppni ef Míla hæfi smásölustarfsemi, sbr. hér að framan.

54. Á sömu blaðsíðu í umsögn Ljósleiðarans er kaupréttur Símans á eignum Mílu við greiðslufall eða gjaldþrotaatburð gerður að umtalsefni. Segir um hann í umsögninni:

„Samkvæmt Ardian er endurkauparéttur Símans á eignum Mílu til staðar við greiðslufall eða sviptingu starfsleyfis fyrirtækisins. Slíkt ákvæði er í hæsta máta óeðlilegt og í besta falli óvenjulegt ísamkeppnislegu sjónarmiði. Þetta sýnir fram á hin nánu tengsl fyrirtækjanna og að ef annað fyrirtækið fellur þá falli jafnframt hitt. Einkakaupasamningurinn í raun bindur fyrirtækin enn frekar saman. eru rök um aðskilnað og sjálfstætt eignarhald hvors fyrirtækis fyrir sig í ljósi þessara ákvæða ótrúverðug. Virðist einkakaupasamningurinn þvert á móti efla umtalsverðan markaðsráðandi styrk fyrirtækjanna.“ (leturbr. hér).

55. Líkt og Síminn hefur skýrt er kauprétturinn, sem eingöngu virkjast við afar takmarkaðar og ólíklegar aðstæður, Símanum mjög mikilvægur. Einmitt til að koma í veg fyrir að fari svo ótrúlega að falli Míla, falli Síminn með. Hvernig Ljósleiðaranum tekst að snúa þessum áhrifum ákvæðisins á haus í umsögn sinni er Símanum torskilið.

56. Á bls. 13-17 umsagnarinnar er vikið að þeim fordæmum sem Ardian hefur teft fram því til stuðnings að inntak þjónustusamningsins sé í samræmi við markaðsvenjur. Er þar farið yfir það sem ólíkt er milli þeirra dæma og fyrirbyggjandi máls, og klykkt út með að:

„Af framangreindri samantekt má ráða að eina 100% sala á neti sínu sem Ljósleiðaranum er kunnugt um er sala Símans á Mílu til Ardian.“

57. Eðli máls samkvæmt eru engin tvö mál eins og margt sem aðgreinir hvert mál frá öðru. Kjarni málsins er hins vegar sá að langtímasamningar tíðkast við fjárfestingar í innviðarekstri, líkt og þessi dæmi sýna glögg. Ekki verður séð að það hafi nokkra þýðingu hvort slíkir samningar séu gerðir við sölu á fjarskiptaneti að öllu leyti eða hluta, nema þá helst að sala að öllu leyti frá starfandi aðila á smásölumarkaði sé hagsfelldari samkeppni en sala að hluta.

58. Á bls. 17 umsagnarinnar er staðhæft að Símanum verði það tæknilega ómögulegt að hefja viðskipti við aðra heildsöluaðila í kjölfar tilfærslu tiltekinna kerfa frá félaginu til Mílu. Það er alrangt, sbr. mgr. 25 hér að framan. Er raunar með nokkrum ólíkindum að slík staðhæfing komi frá Ljósleiðaranum, þar sem Síminn á einmitt í viðskiptum við Ljósleiðarann í dag, löngu eftir sölu kerfanna.

59. Á bls. 18 í umsögninni er að finna hugleiðingar Ljósleiðarans um ætluð möguleg tengsl endurgreiðslna af seljendaláni við markmið þjónustusamningsins. Er það til marks um hversu langt er seilst í tilbúningi í umsögninni, en sú umfjöllun á sér ekki nokkra stoð. Þannig er um veðskuldabréf að ræða, hvers endurgreiðslur eru í engu tengdar markmiðum þjónustusamningsins.

60. Á bls. 18 umsagnarinnar staðhæfir Ljósleiðarinn að ógilding þjónustusamningsins auk tilfærslu tiltekinna kerfa til baka frá Mílu til Símans sé nauðsynlegar aðgerðir til að eyða ætluðum skaðlegum áhrifum samrunans. Ekkert í umsögn Ljósleiðarans styður þetta. Þvert á móti er ítrekað lagt til grundvallar í umsögninni að markaðsstaða og aðstæður á markaði verði „óbreyttar“, en við þær aðstæður er engin lagaheimild til íhlutunar í samruna. Þess utan myndi færsla kerfanna til baka eingöngu leiða til þess að valkostum smásöluaðila við kaup á heildsöþjónustu frá öðrum en samkeppnisaðilum sínum, myndi fækka. Vissulega væri það Ljósleiðaranum til hagsbóta, en ekki samkeppni.

61. Á bls. 19-23 umsagnarinnar er að finna umfjöllun um annars vegar ætlaða samkeppniströskun í formi mögulegrar vöndlunar Mílu í kjölfar samrunans. Þar sem Ardian hefur þegar lagt fram tillögu að skilyrði sem bannar slíka vöndlun hefur þessi umfjöllun enga þýðingu. Hins vegar er þar að finna endurtekna umfjöllun um ætlaðar verðhækkningar vegna verðákvæðis þjónustusamningsins. Vísast um það til umfjöllunarinnar hér að framan.

62. Á bls. 23 og 26 umsagnarinnar er jafnframt staðhæft að flutningur fjarskiptakerfanna hafi falið í sér brot á sátt Símans við Samkeppniseftirlitið, sbr. ákvarðanir nr. 6/2013 og 6/2015. Er raunar staðhæft á bls. 26 að:

„Það var og er enn mikilvæg ástæða þess að tiltekin fjarskiptakerfi voru skilin eftir í Símanum við gerð sáttanna 2013 og 2015, þ.e. IPMPLS kerfi og internetgátt, gagnaflutningskerfi fyrir aðgangsléið 4 og internetþjónustu, talsímakerfi,

farsímakerfi og sjónvarpskerfi enda kerfin talin mikilvæg fyrir heilðsölubjónustu heilðsölusviðs Símans og samkeppni á heilðsölumarkaði." (leturbr. hér).

63. Ekkert er fjær sanni, enda var það krafa bæði Samkeppniseftirlitsins og samkeppnisaðila við gerð sáttanna að kerfin yrði færð til Mílu. Var það eingöngu af rekstrarlegum ástæðum sem Síminn taldi mikilvægt að hafa yfirráð yfir IP/MPLS kerfinu, aðstæður sem ekki eru fyrir hendi í dag, sbr. umfjöllun í athugasemdum við andmælaskjal. Hafði það að kerfin voru skilin eftir í Símanum þaðan af síður neitt með samkeppni á heilðsölumarkaði að gera, enda Síminn og Míla ekki samkeppnisaðilar. Þvert á móti er flutningur kerfanna til Mílu í fullu samræmi við það meginmarkið og tilgang sáttanna að aðskilja líkt og frekast er unnt smásölustarfsemi í Símanum annars vegar og heilðsölustarfsemi í Mílu hins vegar.
64. Á bls. 24 umsagnarinnar er að finna umfjöllun um markað fyrir sambönd í farsímasenda sem erfitt er að henda reiður á. Virðist þar á ný lagt til grundvallar að Míla muni beita vöndlun til útilokunar fyrir keppinauta. Líkt og rakið er hér að framan hefur Ardian þegar boðið tillögu að skilyrði sem leggur bann við slíkri verðlagningu. Þá verður ekki séð að beitt sé réttum markaðsskilgreiningum þegar staðhæft er að Míla komist í „*einokunarstöðu á samböndum að farsímasendum fyrir farsímaþjónustu Símans/Mílu.*”
65. Á bls. 25-26 er lagt til grundvallar með vísan til ákvörðunar Framkvæmdastjórnar EB í máli nr. M.5830 - Olympian Eagan I, að líta verði á sölu kerfanna sem hluta samrunans. Með vísan til þeirrar sömu ákvörðunar ber einmitt ekki að gera það, enda salan ekki „merger specific“ líkt og samtímagögn bera skýrt með sér, sbr. umfjöllun í athugasemdum við andmælaskjal.
66. Loks er svo á bls. 29-32 umsagnarinnar að finna umfjöllun um hið svonefnda „Backbone Alliance.“ Ber þessi umfjöllun þess öll merki að Ljósleiðarinn hefur ekki séð þau gögn sem um ræðir og leggur alfarið til grundvallar umfjöllun frummats Samkeppniseftirlitsins, sem var á misskilningi byggð. Vísast um þetta til athugasemda Símans við andmælaskjal.

6 Umsögn Farice ehf.

67. Í umsögn Farice birtist kjarni málsins víða, s.s. í fyrstu efnismálgrein umsagnarinnar, hvar greinir:

„Farice vill í upphafi áréttta að félagið er ekki andsnúið sölu Símans á Mílu enda telur félagið að með sölnni verði til sjálfstætt fjarskiptafyrirtæki á heilðsölumarkaði þar sem viðskiptavinir geta valið að kaupa þjónustu líkt og af Ljósleiðaranum (Ljósleiðarinn ehf.) í dag. Farice hefur trú á að með sölnni geti Míla orðið enn öflugri keppinautur á heilðsölustigi en í dag og þannig eftl samkeppni. Á sama tíma telur félagið mikilvægt að breytt eignarhald á Mílu leiði raunverulega til bættra samkeppnisskilyrða á þeim mörkuðum sem Míla starfar á til hagsbóta fyrir neytendur.“

68. Samkeppniseftirlitinu ber að taka efnislega afstöðu til þess samruna sem nú liggur fyrir, með þeim tillögum að skilyrðum sem Ardian hefur boðið fram. Við mat á því hvort sá samruni hafi skaðleg áhrif á samkeppni ber að bera aðstæður eftir þann samruna saman við aðstæður fyrir hann, þ.e., sameiginlegt eignarhald Símans og

Mílu. Ef sá samanburður leiðir til þeirrar niðurstöðu að aðstæður eftir samrunann séu hagfelldari en fyrir hann, eða raunar óbreyttar, er ekki heimild til íhlutunar. Önnur atriði, s.s. hvort „breytt eignarhald á Mílu leiði raunverulega til bættra samkeppnisskilyrða á þeim mörkuðum sem Míla starfar á til hagsbóta fyrir neytendur“, falla utan efnislegs mats á samruna máls þessa.

69. Á bls. 2 umsagnar Farice er vikið að tillögum Ardian að skilyrðum. Ekki er að sjá að þar séu gerðar sérstakar efnislegar athugasemdir, utan að tiltekin atriði þurfi frekari skýringa við. Verður því ekki annað ráðið en Farice taki efnislega jákvætt í tillögurnar.
70. Á sömu blaðsíðu umsagnarinnar er tekið undir sjónarmið aðila um að sú markaðsskilgreining sem lögð er til grundvallar í frummati sé mögulega ekki rétt. Eðli máls samkvæmt tekur Síminn undir þetta.
71. Undir lið 3.2. er vikið að svonefndum „Backbone Alliance“ hugmyndum. Segir um þær að félagið fái ekki séð hvernig það leiði til aukinnar samkeppni að „allir færi sig“ yfir til Mílu í viðskipti. Þetta er á misskilningi byggt.
72. Hið rétta er að hugmyndirnar hafa ekkert með samruna máls þessa að gera, utan þess að möguleikar Mílu til aukinna viðskipta eru ávallt til staðar undir öðru eignarhaldi en Símans. Þá felst aukin samkeppni í því að Míla hafi það að markmiði að auka viðskipti sín, rétt eins og að samkeppnisaðilar félagsins hafi það að markmiði. Væru slík markmið ekki fyrir hendi teldist það þegjandi samhæfing í andstöðu við 10. gr. samkeppnislaga.
73. Undir lið 3.4. í umsögn Farice segir að félagið telji að „*einkakaupasamningur milli Símans og Mílu sem gildir í svo langan tíma sé til þess fallinn að dempa og draga verulega úr þeim markaðskröftum Mílu sem gætu losnað úr læðingi við sölu félagsins frá Símanum og þannig minnkað samkeppni.*“ (leturbr. hér.) Hér er rétt staðleysumat sem fyrr ekki lagt til grundvallar. Hinn lögbundni mælikvarði er þannig ekki samanburður á samruna máls þessa við mögulegar aðrar breytingar á markaðnum, heldur á samruna máls þessa annars vegar og núverandi aðstæðum hins vegar. Sú breyting hefur síður en svo skaðleg áhrif á samkeppni.
74. Undir sama lið er það ranglega lagt til grundvallar að í þjónustusamningnum felist að Síminn sé skuldbundinn til að kaupa allar vörur af Mílu óháð kjörum sem aðrir markaðsaðilar bjóða. Svo er ekki, sbr. hér að framan og fyrri athugasemdir Símans.
75. Þá er jafnframt undir sama lið á ný að finna kjarna málsins, hvar greinir:
- „En einnig þarf að hafa í huga að staðan fyrir sölnu á Mílu er þess eðlis að Síminn hefur sterka efnahagslega hvata til þess að versla allar fjarskiptavörur af Mílu. Þannig er ekki ljóst að salan ein og sér hafi neikvæð áhrif heldur gæti fyrirkomulag sölnunnar minnkað jákvæð áhrif af sölnunni.“* (leturbr. hér).
76. Með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan er ekki heimild til íhlutunar í samrunann sé þetta lagt til grundvallar.
77. Um önnur atriði í umsögninni vísast til þess sem rakið hefur verið hér að framan og í fyrri sjónarmiðum Símans.

7 Umsögn Nova

78. Í umsögn Nova er að stórum hluta að finna sams konar sjónarmið og svarað hefur verið hér að framan, einkum í athugasemdum við umsögn Ljósleiðarans. Ekki er ástæða til endurtekninga á þeim atriðum og vísast því að stærstum hluta til þess að framan er rakið. Því til viðbótar má benda á eftirfarandi.
79. Á bls. 3 umsagnarinnar er vitnað til svokallaðs „ensks ákvæðis“ þjónustusamningsins og m.a. staðhæft að „ljóst er að Míla sem keppinautur mun ávallt fá tækifæri til að jafna metin og fá upplýsingar um hvað samkeppnin er tilbúin að bjóða.“ Þetta er rangt, sbr. hér að framan og það sem rakið hefur verið í fyrri sjónarmiðum Símans.
80. Á sömu blaðsíðu umsagnarinnar er Síminn sagður skuldbundinn til að flytja viðskipti sín til Mílu á þeim svæðum sem Míla hefur ekki áður lagt Ljósleiðara og Síminn í viðskiptum við aðra. Um þetta má jafnframt vísa til þess sem rakið var í athugasemdum við andmælaskjal.
81. Athygli er vakin á staðhæfingu á bls. 5 umsagnarinnar þess efnis að „Staðreyndin er líka sú að Míla hefur ekki sýnt mikla tilburði í að þróa þjónustu sína í átt að þörfum annarra en Símans.“ Án þess að tekin sé efnisleg afstaða til þessarar staðhæfingar, en hana verður Míla að taka, bendir Síminn á að í öllu falli megi gera ráð fyrir breytingum á þessum í kjölfar samrunans, með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á samkeppni.
82. Sérstök athygli er jafnframt vakin á svofelldum ummælum á bls. 9 í umsögn Nova:

„Fyrstu viðræður leiddu í ljós ólíkar áherslur aðila um hugsanlegt umfang samstarfsins og fleira. Sú staðreynd sem og sjónarmið sem reifuð voru í minnisblaði Samkeppniseftirlitsins leiddu til þess að Nova taldi ekki forsendur til frekari viðræðna á þeim þríhliða grundvelli sem kynntur var í áður greindri yfirlýsingu fjarskiptafélaganna þriggja. Viðræðum aðila var ekki formlega slitið en þær hafa legið niðri og engin ákvörðun tekin um að hefja þær formlega að nýju né á hvaða forsendum.“

[...]

Nova hefur ekki átt í neinum viðræðum um einhverskonar grunnkerfa bandalag eða netkerfa samstarf „Backbone Alliance“ (99) sem fjallað er um í málsgreinum 99-101.

[...]

Nova áréttar að hafa ekki átt í neinum viðræðum við samrunaaðila um aðgerðir sem gætu talist til samhæfðra aðgerða keppinauta og hefur ekki vitneskju um að önnur félög hafi verið í slíkum viðræðum.

[...]

Að mati Nova er ekki sérstök ástæða til að ætla að samruninn muni óhjákvæmilega leiða til neikvæðra áhrifa á samkeppni í formi samstilltrar hegðunar keppinauta, a.m.k. ekki samstillingar á samkeppnishegðun Nova við samrunaaðila eða aðra

keppinauta. Hér eftir sem hingað til er það ætlun Nova að vera sjálfstæður og öflugur keppinautur annarra fjarskiptafyrirtækja á öllum þeim mörkuðum sem Nova starfar á. Að því leyti sem til álitu getur komið að stofna til samstarfs um uppbyggingu eða annað við önnur fjarskiptafélög mun slíkt einvörðungu verða gert á þeim forsendum sem fram koma í gildandi lögum, m.a. hvað varðar áhrif slíks samstarfs á samkeppni."

83. Getur vart þurft frekari staðfestingar við á því að öll umfjöllun um slíkar hugmyndir að samstarfi, sbr. ítarlega umfjöllun um „Backbone Alliance“ í andmælaskjali, er bersýnilega þýðingarlaus og fyrirliggjandi samruna með öllu óviðkomandi.
84. Á bls. 12 umsagnar Nova segir m.a.: „Nova tekur undir að almennt séð gæti Míla verið meira aðlaðandi fyrirtæki til að eiga viðskipti við ef fyrirtækið er ekki í eigu keppinautar Nova á smásölumarkaði þ.e. Símans, en sú formbreyting ein og sér er alls ekki nóg. Er síðan lagt upp með að tengsl Mílu og Símans í formi þjónustusamningsins séu jafn rík og í formi hins sameiginlega eignarhalds.
85. Svo er hins vegar ekki, sbr. ítarlegar athugasemdir Símans við andmælaskjal. Ofangreind staðhæfing Nova er síðan sama marki brennd og annarra umsagna, þ.e., borin eru saman áhrif fyrirliggjandi samruna annars vegar og mögulegri annari útfærslu hans hins vegar. Það er hins vegar ekki það mat sem 17. gr. samkeppnislaga mælir fyrir um, sbr. það sem rakið hefur verið hér að framan.
86. Á bls. 16 umsagnarinnar er staðhæft að Síminn sé markaðsráðandi fyrirtæki. Svo er ekki og fer því raunar fjarri, sbr. umfjöllun um markaði og markaðshlutdeild í samrunatilkynningu.
87. Á bls. 19 umsagnar Nova er tekið undir þau tæknilegu rök um IPTV sjónvarpsþjónustu Símans sem sett voru fram í mgr. 168-171 í athugasemdum Símans við andmælaskjal. Stykir það því skýringar Símans á því af þær aðstæður sem gerðu mikilvægi yfirráða félagsins á IP/MPLS kerfinu að verkum við undirritun sáttanna, eru ekki fyrir hendi í sama mæli í dag.

8 Umsögn Fjarskiptastofu

88. Í umsögn Fjarskiptastofu er svo til ekkert að finna sem ekki hefur verið svarað í athugasemdum Símans, sbr. hér að framan, í athugasemdum Símans við andmælaskjal og í athugasemdum félagsins við fyrri umsögn Fjarskiptastofu, dags. 20. apríl 2022. Vísast því svo til alfarið til þeirra rétta. Vill Síminn einungis árétta brennt af þessu tilefni.
89. Í fyrsta lagi áréttar Síminn að engu í sáttum félagsins við Samkeppniseftirlitið, sbr. ákvarðanir nr. 6/2013 og 6/2015, var ætlað að koma í veg fyrir eða draga úr viðskiptasambandi Símans og Mílu. Þvert á móti ganga sáttirnar út frá því að Míla sé aðalbirgir Símans. Sáttunum var í engu ætlað að efla innviðasamkeppni, enda kemur hún hvergi þar fyrir, hvorki í texta sáttanna né skýringum. Sáttunum var hins vegar ætlað að tryggja að aðrir aðilar á smásölumarkaði stæðu eftir föngum jafnfætis Símanum í viðskiptum við Mílu. Er umsögn Fjarskiptastofu í engu samræmi við þetta.


90. Í öðru lagi áréttar Síminn að umfjöllun á bls. 19-20 í umsögn Fjarskiptastofu, þess efnis að það fyrirkomulag að heildsala hafi bæði verið á vettvangi Símans og Mílu hafi veitt félögunum innbyrðis aðhald og því verið mikilvæg afleiðing ákvarðana 6/2013 og 6/2015. Þetta er rangt, enda í miklu ósamræmi við þá afstöðu Samkeppniseftirlitsins, markaðsaðila og raunar forvera Fjarskiptastofnunar á þeim tíma að öll heildsala væri á vettvangi Mílu. Þá er þessi afstaða í ósamræmi við ítrekaðar ákvarðanir Fjarskiptastofu þess efnis að Síminn og Míla teljist ein efnahagsleg eining, en ein efnahagsleg eining getur ekki veitt sjálfri sér innbyrðis aðhald.
91. Loks í þriðja lagi vekur Síminn athygli á því að á bls. 27-28 í umsögn sinni staðfestir Fjarskiptastofa að hún lítur til innri veltu fyrirtækja við mat á markaðshlutdeild, í samræmi við leiðbeiningar af vettvangi EES-samstarfsins. eru engin efni til annars hér og gefur þetta athugasemdum Símans við mat á markaðsstyrk í andmælaskjali aukna vigt.

9 Niðurlag

92. Líkt og ráða má af framangreindum athugasemdum er að mati Símans ekkert í athugasemdum umsagnaraðila sem gefur tilefni til íhlutunar í samrunann, umfram tillögur Ardian að skilyrðum.
93. Síminn áréttar að mat á því hvort heimild 17. gr. samkeppnislaga standi til íhlutunar í samruna máls þessa veltur ekki á því hvernig Samkeppniseftirlitið eða þaðan af síður Ljósleiðarinn myndu vilja sjá uppbyggingu markaðarins og markaðsaðstæðna til framtíðar. Matið einskorðast við þau áhrif sem leiða af fyrirliggjandi samruna máls þessa og þau eru ekki skaðleg í skilningi ákvæðisins.
94. Síminn áréttar jafnframt að gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir félagsins eru í húfi. Er því afar brýnt að ákvörðun í málinu sé eingöngu byggð á málefnalegum sjónarmiðum, að gættu réttu mati samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga, sem standist skoðun.
95. Síminn mun eftir sem áður fúslega veita Samkeppniseftirlitinu upplýsingar sem þörf kann að vera á vegna samrunans og lýsir sig reiðubúinn til funda eftir hentugleika stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

LOGOS lögmannsþjónusta



Helga M. Óttarsdóttir lögmaður



Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður